

Ed.

536. Breytingartillögur

[213. mál]

við frv. til laga um náttúruvernd.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Náttúruverndarsjóður greiðir kostnað af verkefnum á sviði náttúruverndar, þ. á m. nauðsynlegum rannsóknum, sem öðrum aðilum ber ekki að standa straum af. Fyrir lok maímánaðar ár hvert semur Náttúruverndarráð og sendir menntamálaráðuneytinu fjárhagsáætlun um útgjöld sjóðsins á næsta ári, sem ætla má að leiði af framkvæmd laga þessara.

2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Tekjur Náttúruverndarsjóðs eru fast framlag úr rikissjóði, er nemur a. m. k. 20 millj. kr. á ári.

3. Kaflafyrirsögn á undan 9. gr. orðist svo:

Náttúruverndarsjóður og fjáröflun til hans.